

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, þannig:

Með tekjum, sem takmörkun á lífeyrisgreiðslum miðast við samkv. þessari grein, skal ekki telja lífeyri eða aðrar greiðslur frá sérstökum lífeyris- eða eftirlaunasjóðum og eigi heldur lífeyri, sem menn hafa keypt hjá tryggingarfélagum eða stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu árin hafa verið stofnaðir allmargir sérstakir lífeyris- eða eftirlaunasjóðir. Þeir eru margir stofnaðir af einstökum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra, og er það aðalreglan, að bæði atvinnufyrirtækin og starfsmennirnir greiða iðgjöld til sjóðanna, ákveðinn hundraðshluta af útborguðum launum. Sjóðunum hefur einkum fjölgað síðan 1954, en þá var með breytingu á skattalögum veitt heimild til þess að draga iðgjöld af lífeyrstryggingu að vissu marki frá tekjum við skattaálagningu. Um síðustu áramót var fjármálaráðuneytið búið að staðfesta reglugerðir samkvæmt lagaákvæðinu frá 1954 fyrir rúmlega 20 lífeyris- og eftirlaunasjóði. Samanlagðar eignir þeirra sjóða voru þá um það bil 90 millj. kr., en tekjur þeirra árið 1957 voru yfir 20 millj. kr. Og enn fer sjóðunum fjölgandi. Eru því horfur á, að með þessum hætti safnist allmikið fé á næstu árum til hagsbóta fyrir sjóðfélögana og þjóðfélagið í heild.

Nokkrir af þessum sjóðum hafa fengið svonefnda viðurkenningu hjá Tryggingastofnun ríkisins, samkv. 85. gr. laganna um almannatryggingar. Að fenginni þeirri viðurkenningu fá sjóðfélagar lækkun á tryggingargjaldi til Tryggingastofnunarinnar, en njóta þá heldur ekki nema takmarkaðra réttinda þar. En um aðra lífeyrissjóði, sem stofnaðir hafa verið að undanfögnu, er það að segja, að sjóðfélagarnir hafa ekki óskað slíkrar viðurkenningar hjá Tryggingastofnuninni og greiða því eftir sem áður tryggingargjöld þangað án nokkurrar takmörkunar. Má því telja, að með þátttöku í stofnun sérstakra lífeyrissjóða ætli þeir að tryggja sér lífeyri til viðbótar væntanlegum lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

En til þess að menn geti á þennan hátt tryggt sér lífeyri hjá sérstökum lífeyrisjóðum eða tryggingarstofnunum, en þó haldið lífeyrisréttindum hjá Tryggingastofnun ríkisins, þarf að gera breytingar á þeim ákvæðum tryggingalaganna, sem takmarka lífeyrisgreiðslur, þegar aðrar tekjur hinna tryggðu fara yfir ákveðið mark. Og um það efni er frumvarpið, sem hér er flutt. Þar er lagt til, að sú breyting verði gerð á takmörkunarákvæðum 22. gr. laganna, að með þeim tekjum, sem valdið geta lækkun eða niðurfellingu lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, skuli ekki telja þann lífeyri, sem menn hafa keypt hjá öðrum tryggingarstofnunum eða sérstökum lífeyrissjóðum.

Á næstliðnu vori samþykkti Alþingi lög um lífeyrissjóð togarasjómanna. Í 4. gr. þeirra segir, að þau réttindi, er togarasjómenn öðlast þar, skuli í engu rýra rétt þeirra til lífeyris samkv. lögum um almannatryggingar. Togarasjómenn munu því halda áfram að greiða full tryggingargjöld til almannatrygginganna og njóta þar lífeyris á sínum tíma til jafns við aðra, án þess að tekjur þeirra frá hinum sérstaka lífeyrissjóði hafi þar nokkur áhrif til takmörkunar.

Með því ákvæði í lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem hér hefur verið nefnt, hefur verið stigið skref inn á þá braut að gera mönnum fært að kaupa viðbótartryggingu hjá sérstökum lífeyrissjóðum, án þess að það valdi skerðingu á lífeyri þeirra frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta gildir enn sem komið er aðeins um ákveðinn hóp manna, en sjálfsagt virðist, að þessi regla gildi um alla, sem kaupa slíka viðbótartryggingu, en greiða eftir sem áður full gjöld til almannatrygginganna. Og til þess að svo megi verða, er frumvarp þetta flutt.

Lífeyrisgreiðslur frá þeim sjóðum, sem ekki hafa fengið viðurkenningu Tryggingastofnunar ríkisins, eru enn litlar, því að flestir eru þeir nýlega stofnaðir. Samþykkt frv. hefur því mjög lítil áhrif til hækkunar á útgjöldum Tryggingastofnunarinnar fyrst um sinn. Hitt yrði vafalaust óhagstæðara fyrir Tryggingastofnunina, ef félagsmenn þessara sjóða óskuðu viðurkenningar fyrir þá og hlytu þá lækkun á gjöldum til almannatrygginganna, sem þar með fylgir.